

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2015

Setning

Þórir Ingason

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2015 er sú 14. í röðinni. Í þetta sinn er hún haldin í Norðurljósasal Hörpu. Skráðir þátttakendur eru rúmlega 170, sem er um 20 færri en verið hefur undanfarin þrjú ár.

Það hefur verið nefnt áður við setningu rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar að það sé sjálfsagt að spyrja sig hvort rannsóknir sem styrktar eru af rannsóknasjóði stofnunarinnar séu að skila einhverju og þá má kannski líka spyrja sig hvenær skila þær sér? Þegar talað er um hvenær rannsóknir skila sér, má taka dæmi um að það getur tekið langan tíma. Strax um 1960, fyrir rúmlega 50 árum síðan, voru menn farnir að gera tilraunir með sjálfakandi bíla hjá TRL (Transport Research Laboratory) í Bretlandi. Bílarnir gátu ekið sjálfvirkir eftir einhvers konar kaplakerfi sem komið var fyrir í vegyfirborðinu. Það varð þó aldrei að veruleika vegna mikils kostnaðar við að koma köplum fyrir. Hugmynd um sjálfakandi bíla dó ekki við þetta og rannsóknir og þróun hélt áfram út frá nýjum forsendum. Sjálfakandi bílar eru líklega að verða raunveruleiki í náinni framtíð og eru þannig niðurstöður rannsókna og þróunar sem á sér langa sögu, en skilar sér væntanleg að lokum.

Niðurstöður rannsókna sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkir eru e.t.v. ekki sambærilegar við áður nefndar rannsóknir á sjálfakandi bílum og líklega aldrei eins áberandi. En niðurstöður rannsóknanna geta leitt til breytinga til dæmis varðandi kröfur til vegagerðarefna eða að ritaðar eru leiðbeiningar um hvernig gera má hluti á nýjan eða bætta hátt. Það skilar sér til vegfarenda í betri vegum og bættri umferð, þó menn taki kannski ekki eftir því á sama hátt og ef þeir settust inn í sjálfakandi bíla og ækju um vegi landsins á þeim. Undirritaður leyfir sér að svara spurningunni um hvort rannsóknirnar skili einhverju, með því að fullyrða að svo sé. Það getur þó verið í mismiklum mæli og e.t.v. mishratt.

Undanfarið hafa afdrif rannsóknaverkefna Vegagerðarinnar aðeins verið skoðuð. Hægt er að flokka niðurstöðurnar á mismunandi hátt meðal annar sem niðurstöður sem hugsanlega *henta beint til innleiðingar í starfsemina* og niðurstöður sem flokkast sem *fróðleikur og innlegg í umræðuna*. Lausleg skoðun á niðurstöðum verkefna sem hafa fengið styrk frá og með árinu 2005 til dagsins í dag bendir til að rétt um fimmtungur þeirra gæti verið þess eðlis að það væri hægt að innleiða þær í starfsemina og í sumum tilvikum hefur það verið gert í raun. Til dæmis með leiðbeiningaskrifum. Skoðunin benti einnig til þess að um helmingur niðurstaðna á þessu tímabili gætu flokkast sem fróðleikur og innlegg í umræðuna. Í því tilviki geta niðurstöður þó að sjálfsögðu nýst og nýtast í starfseminni. Við getum tekið sem dæmi einhvern sem er að vinna að verkefni sem tengist uppgræðslu vegfláa eða námusvæða. Það eru til skýrslur og fróðleikur um það í rannsóknaskýrslusafni á vef Vegagerðarinnar. Sá hinn sami getur þannig flett upp í þessum upplýsingum og jafnvel þó að hann viti ekki hvar skýrsluna er nákvæmlega að finna, þá getur hann slegið inn í leitarsvæði á vef Vegagerðarinnar (t.d. í þessu tilviki „uppgræðsla“), þá skila skýrslur um málið sér í niðurstöður leitarinnar auk annars efnis. Það er ástæða til að leggja áherslu á það og það hefur líka verið nefnt áður við setningu rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar, að mjög mikilvægur þáttur í daglegu starfi þeirra sem eru að vinna í bransanum er einmitt að fylgjast með og nýta niðurstöðurnar þar sem það á við eins og í þessu dæmi.

Á ráðstefnunni 2015 eru 20 erindi á dagskrá og 2 veggspjöld hanga uppi. Minnt er á að það sem kynnt er á ráðstefnunni er aðeins brot af því starfi sem styrkt er af rannsóknasóðnum og finna má frekari fróðleik í skýrslum sem skilað er til sjóðsins og eru á vef Vegagerðarinnar eins og nefnt hér að framan.

G.Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar er ráðstefnustjóri.